

Áhrif netaupptöku í Hvítá, Borgarfirði  
á stangveiði í Borgarfirði 1991-1994.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/95004

VEIDIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

EFNISYFIRLIT:

Inngangur.....	1
Aðferðir.....	1
Niðurstöður.....	2
Stangveiði í Borgarfirði.....	2
Áhrif netaupptöku.....	2
Umræður.....	3
Heimildaskrá.....	3
Myndir.....	4-5

**ÁGRIP.**

Árin 1991 - 1994, hefur rétturinn til netaveiða á laxi í Hvítá í Borgarfirði verið leigður af veiðiréttarhöfum í bergvatnsám Borgarfjarðar.

Greint er frá mati á áhrifum stöðvunar netaveiða á stangveiði í bergvatnsám Borgarfjarðar. Matið er byggt á fylgni laxveiði í Langá við veiði á stöng í Borgarfirði tímabilið 1974-1990 og út frá því gerð aðhvarfsgreining á þessu sambandi, þannig að unnt er að spá fyrir um hver laxveiði í Borgarfirði hefði verið, með netin áfram í notkun.

Niðurstöður urðu þar að veiðiaukning hefur orðið í borgfirskum veiðiám sem svarar til 1515 laxa að meðaltali árin 1991-1994.

### INNGANGUR.

Frá og með árinu 1991, hefur engin netaveiði farið fram í Hvítá í Borgarfirði, eftir að samningar um leigu á réttinum til netaveiða tókust á milli veiðiréttarhafa í bergvatnsám Borgarfjarðar og Veiðifélagsins Hvítár. Markmið þessa samnings er að tryggja aukna laxgengd í bergvatnsárnar, þannig að laxgengd og laxveiði yrði meiri en annars hefði orðið.

Samningsaðilar hafa falið Veiðimálastofnun að meta áhrif netaupptökunnar á stangveiði í borgfirsku ánum (Sigurður Már Einarsson 1993 og 1994).

Í fyrri rannsóknum var þróuð aðferð til að meta áhrif netaupptökunnar á laxgengd í Borgarfirði. Aðferðin felst í því að laxveiði í Langá á Mýrum sýnir hámarktaka fylgni við stangveiði í Borgarfirði árin 1974-1990 og árleg laxveiði í Langá er notuð til að spá fyrir um hver laxveiðin á stöng í Borgarfirði hefði orðið, ef netin í Hvítá væru ennþá í notkun. Niðurstöður fyrir árin 1991 - 1993 sýndu að laxveiðin á stöng í Borgarfirði hefði aukist að jafnaði um 1610 laxa sem svaraði til 32,6% veiðiaukningar.

Í þessari skýrslu verður fjallað um niðurstöður vegna áranna 1991-1994 .

### AÐFERÐIR.

Vísað er til aðferðafræði sem lýst er í fyrri skýrslu (Sigurður Már Einarsson 1994). Notuð er jafnan:

$$Y = 1745,22 + 3,17142 * X$$

Y: Spágildi fyrir stangveiði í Borgarfirði

X: Stangveiði í Langá árið n

Jafnan lýsir sambandinu á milli stangveiði í Langá og stangveiði í Borgarfirði árin 1974-1990 og byggir á aðhvarfsgreiningu á þessu sambandi (regression analysis).

**NIÐURSTÖÐUR****Stangveiði í Borgarfirði**

Árið 1994 varð heildarstangveiðin í borgfirskum veiðiám 5916 laxar (1. Mynd). Að meðaltali hefur laxveiði á stöng árin 1991-1994 verið 6388 laxar. Til samanburðar varð veiðin 1987-1990 að meðaltali 4735 laxar, en meðalveiðin 1974-1990 var 5973 laxar.

Veiðiár í Borgarfirði voru ofarlega á blaði yfir 10 efstu veiðiárnar á árinu 1994 (Guðni Guðbergsson 1995). Flestir laxar á landinu veiddust í Norðurá eða 1625 og í öðru sæti varð Þverá og Kjarrá með 1605 laxa. Grímsá var fjórða besta veiðiáin með 1485 laxa.

**Áhrif netaupptöku**

Árið 1994 veiddust 927 laxar í Langá á Mýrum (Guðni Guðbergsson 1995). Þessi aflí í Langá þýðir að 4685 laxar hefðu átt að veiðast í Borgarfirði ef netin hefðu verið niðri (Tafla 1, 2. Mynd).

**Tafla 1**

Spágildi fyrir laxveiði á stöng í Borgarfirði samkvæmt aðhvarfsgreiningu, árin 1991-1994.

Veiðiár	Spágildi ( $Y=1745,22+3,171418 \cdot X$ )	Raun- veiði	Mism. %
1991	4761	5924	+ 24,4
1992	5836	7463	+ 27,9
1993	4209	6249	+ 48,5
1994	4685	5916	+ 26,3
Meðaltal	4873	6388	+ 31,1

Árin 1991-1994 hefur laxveiðin í Borgarfirði verið að meðaltali 6388 laxar, en spágildi gefur að meðaltali 4873 laxa, sem þýðir að veiðin hefur að jafnaði verið 31,1% betri, en annars hefði orðið ef netaveiði væri ennþá stunduð. Upptaka neta hefur samkvæmt þessu skilað veiðibata sem nemur 1515 lögum að meðaltali árin 1991-1994.

**UMRÆÐUR**


Leiga á rétti til netaveiða á laxi í Hvítá hefur án efa aukið stangveiði í bergvatnsám Borgarfjarðar verulega árin 1991-1994. Sú aðferð sem notuð er við þetta mat sýnir að veiðin eykst um rúmlega 1500 laxa að meðaltali þau ár sem netin hafa ekki verið lögð í Hvítá. Árin 1981-1990 veiddust að meðaltali 5049 laxar í netin í Hvítá. Sé sú tala notuð sem viðmið, þá virðist stöngin ná um 30% af þeim viðbótarfiski sem gengur í bergvatnsárnar. Samkvæmt reynslutölum um veiðiálag í íslenskum veiðiám, þá virðast þessar niðurstöður trúverðugar.

Ennfremur hefur laxveiði í Borgarfirði verið sú besta á landinu á þessu tímabili og hafa Þverá og Norðurá skipst á að verma efsta sæti veiðiáa Íslands hvað fjölda veiddra laxa varðar.

**HEIMILDASKRÁ**

- Guðni Guðbergsson 1995. Laxveiðin 1994. Veiðimálastofnun. VMST-R/95008. Skýrsla. 18 bls.
- Sigurður Már Einarsson 1993. Áhrif netaupptöku í Hvítá á veiði í Borgarfirði 1991-1992. VMST-V/93006X.
- Sigurður Már Einarsson 1994. Mat á áhrfium stöðvunar netaveiða í Hvítá á stangveiði í Borgarfirði. VMST-V/94003. Skýrsla 6 bls.

1. Mynd: Stangveiði á laxi í Borgarfirði 1974-1994.



2. Mynd: Samanburður á raunverulegri veiði á stöng í Borgarfirði og spágildi laxveiði í Borgarfirði.

